



Alþingi

Erindi nr. P 128/291

komudagur 27.11.2002

Grundarfirði, 22. nóvember 2002.

Nefndasvið Alþingis  
- Félagsmálanefnd / Hildur Njarðvík nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Frá;  
Bæjarstjórn Grundarfjarðar

**Efni; Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 – um íbúáþing. Þskj. 15 – 15. mál. 128. löggjafarþing.**

Á fundi bæjarstjórnar Grundarfjarðar þann 14. nóvember 2002 var tekið fyrir erindi félagsmálanefndar Alþingis; frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 – um íbúáþing.

Eftirfarandi er umfjöllun og álit bæjarstjórnar Grundarfjarðarbæjar um frumvarpið og sendist nefndinni hér með. Beðist er velvirðingar á að ekki náðist að senda umsögnina fyrir 20. nóvember eins og æskt var.


*Bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar lýsir sig andvíga frumvarpinu. Ástæða þess er sú að bæjarstjórn telur að það eigi að vera á valdi hvernar sveitarstjórnar að ákveða hvernig þátttökulýðræði nái best fram að ganga og sé best þjónað.*

*Bæjarstjórn telur að íbúáþing geti sannarlega verið af hinu góða, en telur ekki rétt að leiða þau í lög sem skyldu sveitarfélaga.*

*Við umræðu í bæjarstjórn var varpað fram þeirri hugmynd, sem hér með er látin fljóta með, hvort rétt væri að skylda ætti löggjafann / alþingismenn til að halda íbúáþing á landsvísu.*

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,  
f.h. bæjarstjórnar Grundarfjarðar,

  
Björg Agústsdóttir  
bæjarstjóri



**Bæjarstjórninn  
Grundarfirði**